

Ferðamálaráð Íslands
653. fundur haldinn þriðjudaginn 27. janúar 2004 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Anna Sverrisdóttir, vaarfulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélga
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs.

1. Fundargerð 652. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt..

2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2004

Ferðamálastjóri lagði fram tillögur að notkun fjármagns samkvæmt fjárlagaliðum 1.05 og 1.81.

Afgreiðsla: Tillagan var samþykkt samhljóða

3. Nýjar reglur um hafnir 1. 7. 2004. (Frestað)

4. Dreift nokkrum fréttum undanfarinna vikna

5. Dreift niðurstöðum úr könnun Ferðamálaráðs um ferðavenjur Íslendinga á Íslandi 2003. Ákveðið var að niðurstöðurnar yrðu kynntar á blaðamannafundi.

6. Önnur mál

Hlynur Jónsson beindi því til skrifstofu að reynt yrði að birta fyrir en gert hefur verið upplýsingar um fjölda erlendra gesta í hverjum mánuði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:55.

. fundur haldinn þriðjudaginn 5. júlí 2005 kl. 9:00
Hamri Vestmannaeyjum

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson fulltrúi Sambands ísl. Sveitarfélaga
Dagur Eggertsson fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Hlynur Jónsson fulltrúi SAF
Steinn Lárusson fulltrúi SAF
Helga Haraldsdóttir , samgönguráðuneyti
Ársæll Harðarson forstöðumaður
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 666. fundar:

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Tölfræði ferðaþjónustunnar fyrri hluta ársins:

Forstöðumaður markaðssviðs fór yfir þær upplýsingar sem fyrir liggja. Erfitt er að meta árangur ársins hvað varðar magn þar sem enn vantar nokkrar grunnupplýsingar. Nokkrar umræður urðu um málið og

nauðsyn þess að auka enn frekar söfnun upplýsinga frá sem flestum aðilum til að hægt sé að fá heildaryfirlit á hverjum tíma.

3. Kynnt innlend samstarfsverkefni í markaðsmálum:

Eins og undanfarin ár þá var auglýst eftir samstarfsaðilum um innlend markaðsverkefni. Unnið hefur verið úr umsóknum og samstarfsaðilar valdir. Forstöðumaður markaðssviðs kynnti niðurstöðurnar.

4. Ferðamálaráðstefnan í haust:

Ráðstefnan verður 27.-28. október í Reykjavík. Samþykkt var að meginþema hennar yrði: Samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu. Málið yrði reifað frá sem flestum hliðum, rekstrarlega, markaðslega, umhverfislega, menningarlega o.fl. Þá yrði kynnt það nýja stjórnsluumhverfi sem tekur gildi 1. janúar 2006. Rætt var um að kanna möguleika á að hafa kynningarbása í tengslum við ráðstefnuna.

5. Önnur mál:

a) Rætt um mögulega heimsókn á skrifstofu ráðsins í N.-Ameríku. Kannað verði hvort það henti í byrjun nóvember.

b) Rætt um stöðu "Evrópugáttarinnar" og mikilvægi bókunarvefs í tengslum við hana, en málið hefur verið kynnt fyrir á árinu á vef ráðsins. Ákveðið að safnað verði upplýsingum frá nokkrum nágrennalöndum um hvernig viðkomandi mál hefur verið leyst þar.

c) Kynning á ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum. Kristín Jóhannsdóttir ferðamálafulltrúi kynnti ráðinu ferðaþjónustu í Eyjum og svaraði spurningum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 11:15

**. fundur haldinn þriðjudaginn 26. apríl 2005 kl. 11:00
í Gimli Lækjargötu 3, Reykjavík**

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Hlynur Jónsson fulltrúi SAF
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Ársæll Harðarson forstöðumaður
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 665. fundar:

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Umsagnir um þingsályktun um ferðamál og frumvarp til laga um skipulag ferðamála:

Formaður lagði fram tillögur að umsögnum til Alþingis um ofangreind mál.

Afgreiðsla: Samþykkt.

3. Tilnefning í stjórn Ráðstefnuskrifstofu Íslands:

Formaður lagði til að fulltrúi Ferðamálaráðs yrði Ársæll Harðarson.

Afgreiðsla: Samþykkt.

4. Ferðamálaráðstefnan í haust:

Samþykkt að hún yrði í Reykjavík að þessu sinni og stefnt að dögnum 27.-28. október. Frekari umræðu um þema frestað.

5. Önnur mál:

Ákveðið að sumarfundur ráðsins verði í Vestmannaeyjum 4.-5. júlí.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:00